Fundargerð Aðalfundar Vélhjólaíþróttaklúbbsins
25. nóvember 2014
Haldinn að Engjateig 6, húsnæði ÍSÍ í Laugardal, mættir voru 14 félagsmenn.

Formaður setti fundinn kl. 20.10
Fundarstjóri var kosinn Guðbjartur Stefánsson og fundarritari Pálmar Pétursson.

Formaður gerði grein fyrir skýrslu stjórnar – samþykkt einróma

Formaður fór yfir reikninga félagsins – velta félagsins 2014 var 9.8 milljónir og hagnaður 1.225 þúsund kr. sem má þakka aðhaldi í rekstri. Félagið er enn að borga upp tap síðasta árs og lítið svigrúm til stórframkvæmda nema auknir styrkir komi til. Nokkrar spurningar voru bornar fram og ræddar s.s. varðandi rafmagnsreikningur sem er hár yfir sumarið vegna vatnsdælingar í brautina og yfir veturinn þar sem halda þarf lágmarkshita á húsinu. Einnig var posaleiga og tryggingar ræddar og hvort hægt væri að spara í þessum liðum.
Reikningar voru samþykktir einróma.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 hljóðar upp á 9,650.000 kr. veltu og hagnað upp á 1.050.000 kr. Nokkur umræða varð um félagsgjöld og var stjórn hvött til að gera tilraun með að senda út greiðsluseðla á næsta ári og fá jafnvel einhvern félagsmann til að taka að sér "sölumennsku" félagsgjalda á næsta ári. Fjárhagsáætlun var samþykkt einróma

Lagabreytingar, engar tillögur um lagabreytingar lágu fyrir

Kosningar.
Bolaöldunefnd – tillaga um:
Hús - Birgir Már Georgsson, Robert Knasiak
Brautir - Pétur Smárason, Örn Sævar Hilmarsson
Slóðar / uppgræðsla - Haukur Þorsteinsson, Teddóra B. Heimisdóttir
Nefndir voru kjörnar með lófataki

Kjör formanns, Hrafnkell Sigtryggsson býður sig fram, engin mótframboð – kjörinn með lófataki

Kjör stjórnar, eftirfarandi bjóða sig fram til stjórnar: Ólafur Þór Gíslason, Guðbjartur Stefánsson, Pálmar Pétursson, Pétur Smárason.
Varamenn: Birgir Már Georgsson, Örn Sævar Hilmarsson
Engin mótframboð bárust, stjórn kjörin með lófataki.

Kosning tveggja endurskoðenda. Eftirtaldir bjóða sig fram sem endurskoðendur félagsins: Jón Örn Valsson og Einar Sverrir Sigurðarson. Kjörnir með lófataki.

Önnur mál. Rætt var um mótahald sumarsins og möguleika á því að VÍK haldi bikarmótaröð með léttu sniði að kvöldi til í sumar. 3-4 keppnir með stuttum mótoum og stemningu. Mjög líklegt að af þessu verði.
Rætt var um möguleika á að halda keppni innanbæjar aftur sbr. keppnina í Kópavogi í haust og Rauðavatn sl. vetur. Stjórn hefur hug á að kanna hvort þetta sé mögulegt.

Samþykkt að fundargerð yrði birt á netinu og fundi slitið kl. 21.40